
ÆXLUNARFÆRIN



🎯 HLUTVERK ÆXLUNARKERFISINS

- Framleiða kynfrumur (egg og sáðfrumur).
- Koma erfðaefni áfram til næstu kynslóðar.
- Hýsa og næra fóstur eftir frjóvgun.


KYNPROSKI

Byrjar oft á aldrinum 10-14 ára (stelpur fyrr en strákar)



Stýrt af hormónum sem heiladingullinn virkjar.


- Testósterón hjá strákum.
- Estrógen og prógesterón hjá stelpum.






Unglingabólur algengar vegna aukinnar fitumyndunar í húð.


Breytingar hjá báðum kynjum: vaxtarkippur, hárvöxtur, sveiflukennt skap.



Stelpur: brjóst stækka, fyrsta blæðing.



Strákar: eistu stækka, fyrsta sáðlát, röddin dýpkar, skeggvöxtur.



Æxlunarfæri drengja

Eistu

framleiða sáðfrumur og testósterón.

Eistnalyppa


geymir sáðfrumur.

Sáðrásir

flytja sáðfrumur.

Sáðblaðra og blöðruhálskirtill

gefa sáðvökva sem nærir og verndar sáðfrumur → saman kallast þetta sæði.



Typpi


flytur sæði út

Pungur

heldur eistum kaldari en líkaminn, svo sáðfrumur þroskist rétt.

- Við kynferðislega örvun fyllast risvefir í typpinu af blóði → typpið rís (standpína).
- Sáðlát getur orðið við fróun eða í svefni („blautur draumur“).





ÆXLUNARFÆRI STÚLKNA

EGGJASTOKKAR

geyma egg og framleiða hormón (estrógen, prógesterón).

EGGJALEIÐARAR

flytja egg; frjóvgun gerist oft þar.

LEG


þar getur frjóvgað egg fest sig og vaxið.

LEGGÖNG

gangur sem tengir legið við ytra kynfæri; fæðingarvegur.


LEGHÁLS

opið milli legs og legganga.



➡ Leggöng eru sjálfhreinsandi – kirtlar framleiða vökva sem heldur sýkingum niðri.

TÍÐAHRINGURINN




SNÍPUR

mjög næmt líffæri sem samsvarar kóngnum á typpinu.

MEYJARHAFT

slímhúðarfelling við inngang legganga sem getur rofnað við samfarir eða hreyfingu.

BLÆÐINGAR



- Slímhúð legsins þykknar á hverjum mánuði.
- Egglos verður og ef egg frjóvgast ekki, losnar slímhúðin með blæðingum.
- Blæðingar vara venjulega í nokkra daga og magn er um ½ dl.

Stelpur geta notað dömubindi eða tíðatappa → mikilvægt að skipta reglulega til að forðast sýkingar.



FRJÓVGUN OG PROSKI

FRJÓVGUN OG UPPHAF LÍFS

- Sáðfruma frjóvgar egg í eggjaleiðara og erfðaefni foreldra blandast.
- Frjóvgað egg skiptir sér, festist í legslímu og myndar fylgju og naflastreng sem næra fóstrið.


TVÍBURAR



- Tvíeggja tvíburar myndast þegar tvö egg frjóvgast á sama tíma.
- Eineggja tvíburar verða til þegar eitt frjóvgað egg klofnar í tvö fóstur.

MEÐGANGA

- Meðganga varir í um 40 vikur.
- Fóstrið flýtur í legvatni, þroskast í leginu og fær næringu og súrefni um fylgju og naflastreng.





FÆÐING

- Hríðar hefjast og legvöðvar þrýsta barninu út um legháls og leggöng.
- Naflastrengur er klipptur, fylgjan fæðist og barnið byrjar að anda sjálft.

FYRSTA ÁRIÐ

Móðurmjólk gefur næringu og mótefni.
Barn lærir að sitja um 6 mánaða, ganga um 1 árs og tala á aldrinum 1-3 ára.
Það er háð umönnun og hlýju til að þroskast vel.

